



Fundargerð

386. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 8. október 2015 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson (KK) oddviti, Vilberg Þráinsson (VP), Ágúst Már Gröndal (ÁMG), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er þrjár blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá, tvö mál bárust, samþykkt að taka þau undir önnur mál, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 385. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 10. september 2015.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd 5. október 2015.

Farið yfir fundargerðina.

2.1. 1004004 – Deiliskipulag, Innstipollur í Flatey.

Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa skipulagið aftur.

2.2. 1509013 – Flateyjar- og Staðarhöfn.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar.

2.3. 1408010 – Skólalóð, lok framkvæmda.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

Mál til afgreiðslu

1. 1509016 – Vestfjarðavegur 60 milli Bjarkalundar og Skálaness í Reykhólahreppi, tillaga að matsáætlun til umsagnar.

Erindi og tillaga að matsáætlun sent frá Skipulagsstofnun 25. september 2015.

Sveitarstjóra falið vinna að umsögn í samráði við sveitarstjórn og skila henni til Skipulagsstofnunar fyrir tilskilinn frest. Samþykkt samhljóða.

2. **1510008 – Svæðisskipulag fyrir Reykhólahrepp, Dalabyggð og Strandabyggð.**
Kostnaðaráætlun og verkefnistillaga frá Alta ehf.

Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu með þeim fyrirvara að Dalabyggð og Strandabyggð taki einnig þátt. Samþykkt samhljóða.

3. **1510002 – Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019, svæðisskipulag.**
Erindi frá formanni Breiðafjarðarnefndar dagsett 24. september 2015 varðandi undirbúningsfund sem áætlað er að halda 3. nóvember 2015 á Reykhólum.

Sveitarstjórn samþykkir að KK verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundi Breiðafjarðarnefndar um svæðisskipulag. Samþykkt samhljóða.

4. **1510003 – Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags.**
Erindi frá félagsmálastjóra dagsett 22. september 2015.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags. Samþykkt samhljóða.

5. **1510004 – Sveitarstjórnarstigið á 21. öldinni.**
Boð á ráðstefnu 26. október 2015.

Sveitarstjórn þakkar boðið, fulltrúum sveitarfélagsins er frjálst að mæta á fundinn. Samþykkt samhljóða.

6. **1510005 – Styrkbeiðni vegna reksturs Afisins.**
Erindi frá Aflinu, samtökum gegn kynferðis- og heimilisofbeldi á Norðurlandi dagsett 24. september 2015.

Sveitarstjórn hafnar erindinu. Sveitarstjórn hefur styrkt sambærileg félög á sínu þjónustusvæði. Samþykkt samhljóða.

7. **1510001 – Umsagnarbeiðnir frá nefndasviði Alþingis.**

- 7.1. Tillaga að þingsályktun um styrkingu leikskóla og fæðingarorlofs, 16. mál.
- 7.2. Frumvarp til laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og málefni aldraðra (uppfærsluréttur íbúðaréttar), 35. mál.
- 7.3. Tillaga að þingsályktun um þjóðgarð á miðhálandinu, 10. mál.
- 7.4. Frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, 133. mál.
- 7.5. Frumvarp til laga um náttúruvernd (varúðarregla, almannaréttur, sérstök vernd, framandi tegundir o.fl.), 140. mál.
- 7.6. Frumvarp til laga um almannatryggingar (hækkun lífeyris í 300 þús. kr.), 3. mál.
- 7.7. Frumvarp til laga um byggingasjóð Landspítala (heildarlög), 4. mál.
- 7.8. Tillaga að þingsályktun um bráðaaðgerðir til að tryggja öllum húsnæði á viðráðanlegum kjörum, 15. mál.
- 7.9. Tillaga að þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015-2016, 101. mál.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn um ofangreind mál. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

1. **1510006 – Fundur framkvæmdaráðs um umhverfisvottun á Vestfjörðum, 8. október 2015.**

Fundinum var frestað.

2. 1510007 – Heimili og skóli, ályktun stjórnar um endurnýjun gervigrasvalla vegna eiturefna í dekkjakurli.

Ályktun frá stjórn Heimilis og skóla, dagsett 25. september 2015.

Ályktun lögð fram. Sveitarstjóra falið að fylgjast með gangi mála hjá öðrum sveitarfélögum, á hvaða hátt verði brugðist við málinu.

3. 1503019 – Fundargerðir stjórnarfunda Fjórðungssambands Vestfirðinga 10. og 17. september 2015.

Fundargerðir lagðar fram.

4. 1503020 – Fundargerð heilbrigðisnefndar 25. september 2015.

Fundargerð lögð fram.

5. 1502025 – Fundargerð 830. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

1. 1510009 – Bifreið áhaldahúss.

Erindi frá umsjónamanni fasteigna dagsett 7. október 2015.

Sveitarstjóra og varaoddvita falið að skoða kaup á hentugum notuðum bíl og selja Toyota-bifreið áhaldahúss. Samþykkt samhljóða.

2. 1510010 – Skólalaping Sambands íslenskra sveitarfélaga 2. nóvember 2015.

Sveitarstjórn samþykkir að ÁMG og VP verði fulltrúar sveitarfélagsins á skólalapingi 2015. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18.10.

_____	_____
_____	_____
_____	_____